



## STARFSKJARASTEFNA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF.

### 1. gr. Forsendur

1.1 Starfskjarastefna þessi er gerð á grundvelli 1. mgr. 79. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

1.2 Þann 19. febrúar 2013 gerðu FÍ fasteignafélag slhf. (hér eftir „félagið“) og FÍ fasteignafélag GP ehf. (hér eftir „ábyrgðaraðili“) með sér þjónustusamning þar sem afmarkað var samningssamband félagsins og ábyrgðaraðila þ.m.t. hlutverk, þjónusta og þóknun, allt eins og greinir í þjónustusamningnum.

Þann 30. janúar 2019 gerðu félagið og ábyrgðaraðili viðauka við þjónustusamninginn þar sem ábyrgðaraðili framseldi öll réttindi sín og skyldur samkvæmt þjónustusamningnum til Kviku banka hf., kt. 540502-2930, (hér eftir „Kvika“). Kvika gekk þannig inn í þjónustusamninginn og skuldbatt sig til þess að inna af hendi þá þjónustu sem lýst er í samningnum gegn greiðslu umsýsluþóknunar og árangurstengdrar þóknunar. Aðilar voru sammála um að framsalið til Kviku gildi frá 1. janúar 2018 á grundvelli munnlegs samkomulags sem staðfest var með viðaukanum.

Þann 19. maí 2021 gerðu félagið og Kvika viðauka við þjónustusamninginn þar sem Kvika framseldi öll réttindi sín og skyldur samkvæmt þjónustusamningnum til Kviku eignastýringar hf., kt. 520506-1010, (hér eftir „KES“). KES gekk þannig inn í þjónustusamninginn og skuldbatt sig til þess að inna af hendi þá þjónustu sem lýst er í samningnum gegn greiðslu umsýsluþóknunar og árangurstengdrar þóknunar.

1.3 Framsalið til KES hefur engin áhrif á hlutverk ábyrgðaraðila sem ábyrgðaraðila á félaginu.

1.4 Ábyrgðaraðili, gegnir hlutverki framkvæmdastjóra félagsins, sbr. 17.2 gr. samþykktu félagsins og 2. mgr. 161. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, og fær ekki greitt fyrir þá þjónustu, umfram greiðslur skv. þjónustusamningi milli félagsins og ábyrgðaraðila, dags. 4. apríl 2019

### 2. gr. Óheimilar greiðslur til starfsmanna

2.1 Starfskjör starfsmanna skulu tilgreind í ráðningarsamningi og skulu taka mið af þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein 2.

- 2.2 Ekki er heimilt að gera kaupréttar-, söluréttar- eða forkaupsréttarsamninga við lykilstarfsmenn eða aðra starfsmenn félagsins.
- 2.3 Ekki er heimilt að veita starfsmönnum félagsins aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun.
- 2.4 Ekki er heimilt að lána starfsfólki fjármuni. Þó er heimilt við sérstakar aðstæður að greiða laun fyrir fram ef nauðsyn ber til og þá aldrei meira en sem nemur einum mánaðarlaunum.
- 2.5 Félagið gerir ekki sérstaka starfslokasamninga við lykilstarfsmenn eða aðra starfsmenn í ráðningarsamningum eða í sérstökum samningum í tengslum við starfslok.

### 3. gr. Laun stjórnar

Laun stjórnar skulu ákvörðuð á hluthafafundi á hverju ári, fyrir komandi ár. Stjórnarformaður skal fá tvöföld laun almennra stjórnarmanna.

### 4. gr. Laun fjárfestingaráðs

Laun fjárfestingaráðs skulu ákvörðuð á hluthafafundi á hverju ári, fyrir komandi ár. Formaður fjárfestingaráðs skal fá tvöföld laun almennra ráðsmanna.

### 5. gr. Upplýsingagjöf og ábyrgð


- 5.1 Félagsstjórn skal birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Á aðalfundi skal stjórnin gera grein fyrir samandregnum kjörum stjórnenda, stjórnarmanna og ráðsmanna fjárfestingaráðs. Þar skal félagsstjórn jafnframt skýra frá framkvæmd samþykkrar starfskjarastefnu.
- 5.2 Framkvæmdastjóri skal ábyrgjast að laun starfsmanna verði innan ramma starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

### 6. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi til samþykktar eða synjunar og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert.

Reykjavík 4. maí 2023

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf.



The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is the most legible and appears to be 'Hanna Fr. Kjell'. The middle signature is more stylized and less legible. The bottom signature is 'Asgu Baldur'.